

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	22 apríl 2020
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	13:00 – 14:00

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fagráðs), Sigríður Björnsdóttir (sérfræðingur Matvælastofnunar í dýratilraunum), Ólafur R. Dýrmundsson (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands), Sigurjón Njarðarson (starfsmaður Fagráðs um velferð dýra), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) og Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar H.Í.), Baldur Helgi Benjamínsson (f.h. Bændasamtaka Íslands). Allir aðilar tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá

1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna
2. Umfjöllun Kveiks um tilraunir opinbera aðila til aflífunar á hjálparlausum hval.
3. Önnur mál.

Umræða

1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna

- a) Hearing in auks: Fagráð um velferð dýra veitir samhljóða jákvæða umsögn um tilraunina.

2. Umfjöllun Kveiks um tilraunir opinbera aðila til aflífunar á hjálparlausum hval.

Yfirdýralæknir fór yfir atburðarrás umrædds máls. Áður en málið fór í umfjöllun fjölmiðla hafði MAST brugðist við aðstæðum hjálparlausra hvala á sjó með endurskoðun viðbragðsáætlunar um björgun lifandi hvala með fulltrúum Fiskistofu, lögreglu og fleiri aðilum. Nú þegar er unnið eftir þessari nýju áætlun. Gert er ráð fyrir að viðbragðsteymi sé alltaf virkjað þegar slíkar aðstæður koma upp. Fagráð fagnar því að verklag sé endurskoðað.

3. Önnur mál

Ábyrgð dýraeigenda – Frestað til næsta fundar

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:00. Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 27. maí 2020.